

11. desember 2012
1311183

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, 143. löggjafarþing, 150. mál,

Með tölvupósti dags. 22. nóvember sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Seðlabanki Íslands hefur áður svarað umsagnarbeiðni um svipað mál, 392. mál á 138. löggjafarþingi, á þá leið að Seðlabankinn taldi ekki rétt að veita umsögn um það frumvarp þar sem efni þess snerist um réttarfarsatriði sem eru fyrir utan starfssvið bankans. Á það einnig við um það frumvarp sem nú um ræðir, enda er með því verið að stefna að því sama og áður, þ.e. að fresta nauðungarsölum með vísan til réttarlegrar óvissu, í þessu tilviki vegna verðtryggingar.

Hins vegar þá vekur það athygli Seðlabankans, að frumvarpið lýtur einungis að þeim nauðungarsölum þegar Íbúðalánasjóður er kröfuhafi. Almennt fer ekki vel á því að löggjöf sé svo sértæk, en ljóst má vera að Íbúðalánasjóður er ekki sá eini kröfuhafi sem á verðtryggð fasteignaveðlán. Því væri, ef þetta frumvarp yrði að lögum, gerður munur á réttarstöðu þeirra sem skulduðu Íbúðalánasjóði slík lán og svo hinna sem skulduðu öðrum kröfuhöfum með sambærilegum hætti.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur